

Tillaga um ungbarnavænar sundlaugar

Lagt er til að mótaðar verði tillögur um hvernig megi bæta þjónustu við ungbarnafjölskyldur í sundlaugum borgarinnar. Skipaður verði spretthópur forstöðumanna sundlauga sem fá það hlutverk að móta tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu, búnað og umhverfi fyrir ung börn og fjölskyldur þeirra í sundlaugum borgarinnar. Spretthópurinn taki þegar til starfa og skili áfanganiðurstöðum fyrir 10. nóvember næstkomandi og endanlegum niðurstöðum fyrir 1. desember 2025.

Greinargerð

Í samstarfssáttmála Samfylkingarinnar, Sósíalistaflokks Íslands, Pírata, VG og Flokks fólksins er að finna ákvæði um að skoða bættu aðstöðu ungra barna og fjölskyldna þeirra í sundlaugum borgarinnar. Sundlaugar borgarinnar eru átta talsins: Laugardalslaug, Vesturbæjarlaug, Grafarvogslaug, Breiðholtslaug, Klébergslaug, Árbæjarlaug, Sundhöllin og Dalslaug. Þær hafa allar að geyma sérstaka aðstöðu fyrir börn og fjölskyldur þeirra en mikilvægt er að rýna hvaða tækifæri eru til úrbóta í þeim efnum, varðandi m.a. aðbúnað, leiktæki, þjónustustig og umhverfi. Tillagan kveður á um að skipaður verði spretthópur forstöðumanna sundlauganna sem móti tillögur um aðgerðir til að bæta aðstöðu fyrir ung börn og fjölskyldur þeirra í sundlaugunum. Þjónustustefna Reykjavíkurborgar verður leiðarljósið í vinnunni og m.a. stuðst við aðferðafræði þjónustuhönnunar og haft samráð við ungbarnafjölskyldur eftir föngum. Nú þegar er til mikið af umbótahugmyndum og í forsögn að endurbótum á útisvæði Laugardalslaugar var víðtækt samráð haft við mismunandi hópa gesta sem m.a. lúta að bættri aðstöðu ungra barna og fjölskyldna þeirra sem nýta má í þessari vinnu. Gert ráð fyrir að hópurinn skili af sér áfanganiðurstöðum fyrir 10. nóvember og endanlegum niðurstöðum fyrir 1. desember 2025.